

Þriðjudaginn 17. nóvember 1970.

Nr. 195/1970. Landeigendafélag Laxár og Mývatns
 gegn
 Laxárvirkjun.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds og Logi Einarsson og
 prófessor Gaukur Jörundsson, Þórður Björnsson yfirsakadómari
 og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 2. október 1970 var nafni sóknaraðilja breytt og nefnist nú Landeigendafélag Laxár og Mývatns í stað Félags landeigenda á Laxársvæðinu.

Með kæru 15. október 1970, sem barst Hæstarétti hinn 28. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, uppkveðinn á aukadómþingi Þingeyjarsýslu hinn 6. október 1970, þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að setudómarinn viki sæti í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að greindum úrskurði verði breytt á þann veg, að setudómaranum, Magnúsi Thoroddsen, verði gert að vika úr dómarasæti í framangreindu máli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti færir sóknaraðili sömu rök fyrir kröfu sinni og greinir í hinum kærða úrskurði.

Rök setudómarans fyrir því, að honum hafi eigi borið að vika úr dómarasæti vegna frændsemisbanda hans og Sigurðar Thoroddsens verkfræðings, standa óhögguð. Málsmeðferð setudómarans í fógetaréttarmálinu gerir hann ekki vanhæfan til dómsetu í aukadómþingsmálinu. Aðrar ástæður sóknaraðilja fyrir frávikningarkröfunni hafa heldur ekki við rök að styðjast. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 5.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði varnaraðilja, Laxárvirkjun, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 6. október 1970.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 30. f. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður f. h. Félags landeigenda á Laxárvæðinu höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 25. júlí 1970, á hendur stjórn Laxárvirkjunar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi:

- 1) Að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslensk lög og séu óheimilar.
- 2) Að lokuvirki þau, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem útfallskvísar Laxár renna úr Mývatni, skorti lagastoð og brjóti því í bág við íslensk lög.

Jafnframt áskilur stefnandi sér allan rétt til að höfða síðar önnur mál til heimtu skaðabótagreiðslna vegna þess tjóns, sem Laxárvirkjun hafi þegar valdið landeigendum á Laxárvæðinu, og vegna tjóns þess, sem hún kunni að valda síðar.

Auk þess krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Með úrskurði, uppkveðnum 4. ágúst 1970, vék hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæti í máli þessu.

Með bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 26. ágúst 1970, var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma aukadómþingsmál þetta.

Setudómari tilkynnti lögmönnum málsaðilja með bréfum, dags. 15. september 1970, að hann mundi þinga í máli þessu hinn 30. september 1970, kl. 1000, í dómssal sýslumannsins í Húsavík.

Á þeim stað og stundu setti setudómarinn rétt í máli þessu og lagði fram skjöl nr. 40—78, en skjölin nr. 1—39 hafði hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason sýslumaður, veitt viðtöku og þingmerkt, áður en hann vék úr dómarasæti í máli þessu.

Málavextir eru í stuttu máli þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr., var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun hefur látið hanna raforkuver í Laxá. Er það svo nefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f.

Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun á hún að verða samtals 54.6 MW að stærð og vinnast í fjórum áföngum. Áætlun um virkjun þessa var gefin út í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráðherra bréf með áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra um þetta erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dags. 16. september 1969.

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í því bréfi sagði m. a. svo:

„Í 4. gr. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12 þúsund KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem nemur um 7 þúsund KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14,7 þúsund KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7 þúsund KW afli í samræmi við framangreinda áætlun. Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að

athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“.

Hinn 25. maí 1970 gerði Laxárvirkjun verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tók að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar. Nam verksamningsfjárhæð um það bil 170 millj. króna, en áætlaður kostnaður alls við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar mun nema um 346 millj. króna. Virkjunarframkvæmdir eru nú hafnar.

Hinar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu hafa valdið miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxársvæðinu. Hafa þeir stofnað með sér félagskap, Félag landeigenda á Laxársvæðinu.

Með bréfi Sigurðar Gizurarsonar héraðsdómslögmanns til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 30. maí 1970, er þess beiðst f. h. nefnds félags, að lagt verði lögbann við virkjunarframkvæmdum þessum.

Með úrskurði, uppkveðnum 3. júní 1970, vék hinn reglulegi fógeti, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæti í fógetamáli þessu.

Hinn 18. júní 1970 var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma lögbannsmálið. Kvaddi hann með sér sem meðdómendur í lögbannsmáli þessu þá verkfræðingana dr. Gunnar Sigurðsson og Ögmund Jónsson.

Úrskurður í lögbannsmáli þessu (fógetaréttarmál nr. 1/1970 í Þingeyjarsýslu) var kveðinn upp 4. ágúst 1970 og var á þá lund, að synjað var um framgang lögbannsgerðarinnar, en málskostnaður felldur niður. Úrskurði þessum hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Verður nú aftur vikið að þinghaldi í máli þessu hinn 30. september 1970 í Húsavík.

Þegar setudómariinn, Magnús Thoroddsen, hafði tekið við og þingmerkt framangreind málsskjöl (nr. 40—78), kom fram krafa frá lögmanni stefnanda þess efnis, að setudómariinn viki sæti í máli þessu. Var málið þá samdægurs tekið til úrskurðar um þetta atriði.

Stefnandi byggir kröfu sína um það, að setudómariinn viki úr dómarasæti, á þeim forsendum, sem hér greinir:

1) Það muni einum ætlið, að setudómaranum sé skylt að víkja sæti lögum samkvæmt vegna skyldleika við Sigurð Thoroddsen

verkfræðing, sem í raun réttir sé aðili þessa máls. Sigurður Thoroddsen sé aðalhöfundur Gljúfurverssskipulagsins. Verkfræðistofa hans hafi teiknað Gljúfurverssskipulagið og gert kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins, sem þó hafi verið langt fyrir neðan tilboð, sem gerð hafi verið í verkið á sínum tíma. Sigurður Thoroddsen hafi verið mikill hvatamaður að framkvæmd verksins og m. a. beitt áhrifum sínum í Náttúruverndarráði málinu til framdráttar. Hann hafi einnig verið einn af þremur mönnum í hinni umdeildu Laxárnefnd, sem skipuð hafi verið þegar árið 1964, til að rannsaka hugsanleg spjöll af stórri virkjun í Laxá, en nefndin hafi ekki skilað álitum fyrr en árið 1969, eftir að búið hafi verið að hanna Gljúfurversvirkjun. Sigurður Thoroddsen hafi því bæði mikilla persónulegra og fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Thoroddsensnafnið hljóti vegna framkomu Sigurðar Thoroddsens í málinu að vekja mikla tortryggni gagnvart setudómaranum, Magnúsi Thoroddsen, af hálfu stefnanda í máli þessu og alls almennings í landinu.

2) Setudómarinn hafi þegar í úrskurði 16. júlí 1970 neitað að víkja sæti í fógétadómi, sem hafi verið undanfari þessa máls. Rökstuðningur hans hafi þá m. a. verið á þá leið, að hugur aðilja til dómara skipti ekki máli. Þessu mótmælir stefnandi og bendir m. a. á það, að það sé grundvallarskylda hvers dómara að forðast að vekja tortryggni. Dómstólarnir fái því aðeins rækt hlutverk sitt, að dómaraþingur eyðileggi ekki það traust, sem aðilar og allur almenningur beri til þeirra. Magnús Thoroddsen skapi að óþörfu tortryggni og vantraust hjá öllum almenningi þessa lands til íslenskra dómstóla með setu sinni í dómarasæti, en alkunna sé, að allir landsmenn fylgist af áhuga með máli þessu. Skapist hróplegt ósamræmi, þegar sýslumaður Þingeyinga, hr. Jóhann Skaptason, hafi vikið sæti í málinu af sjálfsdáðum, án þess að honum væri það skylt, af því að hann vildi forðast að vekja tortryggni, en í hans stað komi maður, sem séu þeir hagsmunir náskyldir, sem reynt sé að verja í málinu. Því fremur veki seta Magnúsar Thoroddsens í dómarasæti tortryggni, að honum hafi orðið það á sem setufógeta í áður nefndu fógétamáli að velja tvo virkjunarverkfræðinga sem meðfógeta þvert gegn ákvæði 223. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936, sem banni, að meðdómsmenn séu skipaðir í fógétamálum. Tilvitnun 5. gr. laga nr. 18 frá 1949 eigi vitaskuld við þessa grein, eins og skýrt orðalag hennar beri með sér. Fógétamálið sé nú að koma

fyrir í Hæstarétti og taki setudómarinn, ef hann víki ekki sæti, því þá áhættu að þurfa að víkja sæti úr tveimur málum.

3) Það styðji og frávikningarkröfuna, að Magnúsi Thoroddsen hafi orðið það á í áðurnefndu fógetamáli, sem fjalli um sama sakarefni, að kveða upp efnisdóm í málinu, gagnstætt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 18 frá 1949, með úrskurði fógetadómsins hinn 4. ágúst s.l. Hafi hann því þegar dæmt sakarefni og sé því vanhæfur til að dæma það á nýjan leik.

Lögmaður stefnda mótmælti frávikningarkröfunni sem rangri og gerðri algerlega að ástæðulausu. Krafðist hann þess, að henni yrði hrundið. Engin lagarök liggi til þess, að setudómarinn víki úr dómarasæti í máli þessu. Hann sé í engum þeim tengslum við málsaðilja, sem leitt geti til þess. Sigurður Thoroddsen verði aldrei talinn aðili þessa máls eða jafnað til aðilja vegna starfs í þágu Laxárvirkjunar. Frændsemisbönd hans við setudómarann séu ekki það náin, að þau geti gert hann vanhæfan. Benti stefndi á dskj. nr. 6 í málinu um afstöðu Sigurðar Thoroddsens verkfræðings á fundi Náttúruverndarráðs hinn 30. október 1969. Þá benti stefndi á það, að Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, fari með fyrirsvar fyrir sýslunefnd Þingeyjarsýslu og hafi beitt sér fyrir skipan Héraðsnefndar Þingeyinga og því hlotið að víkja sæti vegna afskipta sinna af því. 5. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann hafi verið sett árið 1949, en lög um meðferð einkamála í héraði séu sett árið 1936. 5. gr. laga nr. 18 frá 1949 um kyrrsetningu og lögbann leggi fyrir að beita einkamálalögunum um kyrrsetningu og lögbann yfirleitt eftir því, sem tilefni er til, og breyti hún þannig 223. gr. einkamálaganna að þessu leyti.

Málið var síðan tekið til úrskurðar um framangreint atriði.

Skyldleika setudómarans og Sigurðar Thoroddsens verkfræðings er þannig farið, að þeir eru af öðrum og þriðja. Sigurður Thoroddsen er sonur Skúla Thoroddsens, sonar Jóns Thoroddsens. Setudómarinn er sonur Jónasar Thoroddsens, sonar Sigurðar Thoroddsens, er var sonur Jóns Thoroddsens. Enginn kunningskapur er milli setudómarans og Sigurðar Thoroddsens verkfræðings. Setudómarinn hafði ekki hugmynd um, að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens s/f hefði starfað í þágu Laxárvirkjunar að hönnun á mannvirkjum þessum, er hann var skipaður setudómari í fógetamáli nr. 1/1970 í Þingeyjarsýslu hinn 18. júní 1970.

Ekki vissi setudómarinn þá heldur um þann þátt, sem stefnandi heldur fram, að Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hafi átt til framdráttar virkjun þeirri, sem hér um ræðir. Þessa vitneskju fékk setudómarinn fyrst hjá lögmanni stefnanda eftir þennan tíma.

Setudómarinn hefur aldrei rætt þessi mál við Sigurð Thoroddsen. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur er eigi aðili að þessu dómsmáli. Ekki verður séð, að mál þetta varði hvorki Sigurð Thoroddsen verkfræðing né setudómarann verulega fjárhagslega eða siðferðislega eða að annars sé hætta á því, að setudómarinn fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, enda er það hugur dómars til málsaðilja, sem máli skiptir, en eigi öfugt.

Það er grundvallarregla í réttarfari, að dómari kveðji til sérfróða meðdómendur, þegar mál snýst um tæknileg efni, sem dómara brestur sérþekking á. Meginregla þessi horfir til réttaröryggis og er lögfest í 3. tl. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936. Gildir regla þessi hvort heldur um venjuleg einkamál í héraði eða fógætaréttarmál er að ræða, sbr. 5. gr. laga nr. 18 frá 1949 um kyrrsetningu og lögbann, enda verður eigi á það fallið með stefnanda, að 223. gr. laga um meðferð einkamála í héraði breyti hér nokkru um.

Fógætaréttarmál það, sem stefnandi vitnar til hér að framan (fógætaréttarmálið nr. 1/1970 í Þingeyjarsýslu), var lögbannsmál, er snerist um það, hvort leggja skyldi lögbann við framhaldsvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eður ei. Tók málið til hagsmuna, sem áætlaðir eru á um það bil 346 milljónir króna. Þótti setufógetanum því sjálfsagt með tilvísun til ofangreindra lagaákvæða svo og eðli málsins samkvæmt að kveðja í dóm með sér tvo sérfróða menn á sviði virkjunarmála, og urðu þeir verkfræðingarnir dr. Gunnar Sigurðsson og Ögmundur Jónsson fyrir valinu. Verður því alls ekki á það fallið með stefnanda, að setufógetanum hafi með dómnefni þessari orðið nokkuð á né þaðan af síður, að hann sé af þessum ástæðum vanhæfur til að dæma þetta mál.

Fógætaréttarmálið nr. 1/1970 í Þingeyjarsýslu er annað mál og annars eðlis heldur en aukadómsmál það, sem hér liggur fyrir. Úrskurður sá, sem upp var kveðinn í nefndu fógætaréttarmáli hinn 4. ágúst 1970, var byggður á þeim gögnum og málsástæðum, er fyrir lágu í því máli. Hefur sá úrskurður enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, og er setudómarinn óbundinn af honum, þegar

hann fjallar um þetta mál. Verður því heldur eigi á það fallizt með stefnanda, að meðferð setudómarans á margnefndu fógeta-máli geri hann vanhæfan til að fara með og dæma þetta mál.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst framangreind krafa stefnanda eigi hafa við rök að styðjast, og er henni hrundið.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Þingeyjarsýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri kröfu stefnandans, Sigurðar Gizurarsonar héraðsdómslögmanns f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu, um, að setudómariinn, Magnús Thoroddsen, víki úr dóm-
arasæti í máli þessu, er hrundið.

Föstudaginn 20. nóvember 1970.

Nr. 85/1970. **Ásgeir Ásgeirsson**

(Gunnar Jónsson hrl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómdur:

hæstaréttardómaramir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða kr. 25.107.02 með 12% ársvöxtum frá 1. október 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.